

STJÓRNARFUNDUR FÍN 2023-2024

28. APRÍL 2023, KL. 12:00-13:30 – FJARFUNDUR

MÆTTIR:

Anna Berg Samúelsdóttir, Guðrún Nína Petersen, Jón Már Halldórsson, Margrét Geirsdóttir, Maríanna H. Helgadóttir, Sigvaldi Thordarson, Stefán Már Stefánsson, Stella Hrönn Jóhannsdóttir, Svava S. Steinarsdóttir, Unnur Magnúsdóttir og Þorkell Heiðarsson.

Fundarritari: Maríanna H. Helgadóttir

FUNDARGERÐ

Kl. 12:00 Formaður setur fund

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar

Afgreiðsla: Fundargerð frá 21. apríl 2023 var samþykkt.

2. Skipun samninganefnda FÍN vegna ríki, borg og sveit

Afgreiðsla: Tillaga formanns um skipun samninganefndar FÍN við ríki, Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga og Samtök atvinnulífsins var samþykkt.

3. Kosning ritara, gjaldkera og meðstjórnenda úr hópi stjórnarmanna

Afgreiðsla: Guðrún Nína Petersen, Margrét Geirsdóttir og Stella Hrönn Jóhannsdóttir voru sjálfkjörnar í framkvæmdastjórn.

4. Kosning varamanns formanns í formannaráð BHM

Afgreiðsla: Samþykkt var að fresta afgreiðslu á þessum til fyrsta stjórnarfundar eftir aðalfund BHM.

5. Kosning í stjórn Vísindasjóðs FÍN

Afgreiðsla: Samþykkt var að fresta afgreiðslu á þessum til stjórnarfundarins í júní 2023.

6. Reglulegir fundir stjórnar og aðalfundur FÍN

Formaður lagði til að reglulegir stjórnarfundir verði haldnir eftirtalda daga á starfsárinu frá kl. 11:15 – 12.45:

- 15. maí 2023 – Teams fundur
- 5. júní 2023 – Staðfundur ásamt Teams

- 4. september 2023 – Staðfundur ásamt Teams
- 6. október 2023 – Starfsdagur stjórnar - Staðfundur
- 6. nóvember 2023 – Teams fundur
- 4. desember 2023 – Jólafundur – Staðfundur ásamt Teams
- 15. janúar 2024 – Teams fundur
- 5. febrúar 2024 – Staðfundur ásamt Teams
- 4. mars 2024 – Teams fundur
- 18. mars 2024 – Staðfundur ásamt Teams.

Formaður lagði einnig til að aðalfundur FÍN yrði ákveðinn síðasta fimmtudag í mars.

Afgreiðsla: Samþykkt voru ofangreindir fundartímar stjórnar FÍN á starfsárinu og aðalfundur félagsins var ákveðinn 21. mars 2024, kl. 17:00.

7. Nýir félagsmenn/Heilbrigðisgagnafræðingar

Afgreiðsla: Samþykktir voru 19 aðilar með fulla aðild að félaginu. Samþykkt að veita undarþágu í samræmi við C lið 3. gr. laga félagsins um að heilbrigðisgagnafræðingar séu velkomnir í félagið svo fremi að þeir séu með gilt starfsleyfi frá Embætti landlæknis. Formaður mun senda undanþáguákvæði til stjórnarmanna til yfirlstrar áður en það verður birt á vefsvæði félagsins.

8. Erindisbréf stjórnar FÍN, tilkynning um stjórnarsetu og aðrar verklagsreglur

Afgreiðsla: Frestað til næsta fundar.

9. Rekstraráætlun FÍN 2023/Endurskoðunarskýrsla EY

Afgreiðsla: Frestað til næsta fundar.

10. Staða kjarasamninga

Formaður FÍN fór yfir stöðu samninga við ríki, borg og sveit.

11. Önnur mál

a) Náttúrufræðistofa Kópavogs

Umræða um fyrirhugaðar uppsagnir hjá Náttúrustofu Kópavogs. Félagið er búið að setja niður fund með félagsmönnum FÍN í næstu viku.

b) Fundargerðir framkvæmdastjórnar

Setja þarf niður verklagsreglur um ritun fundargerða félagsins.

c) Kveðja frá Berglindi Ósk Alfreðsdóttur

Tölvupóstur var lesinn upp frá Berglindi Ósk Alfreðsdóttur þar sem hún þakkar fyrir samstarfið. Stjórn FÍN þakkar henni samstarfið og óskar henni velfarnaðar

í sínum störfum. Fram kom að Berglind sinnir trúnaðarstörfum fyrir félagið og því þarf að ganga frá viðskilnaði hennar við félagið.

- d) Tillaga að næstu stjórnarfundum:
 - i. 15. maí kl. 11:15-12:45 - fjarfundur

Fundarslit: 13:25